



Reykjavík, 25. júní 2020  
R20060134  
4450  
ívs


Skóla-og frístundasvið

***Aukið framlag til Landakotsskóla***

Á fundi borgarráðs þann 25. júní 2020 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 11. júní 2020, sbr. samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 9. júní 2020 á tillögu um beiðni um aukið framlag til Landakotsskóla, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Helga Björk Laxdal  
e.u.





Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Umsókn Landakotsskóla varðandi framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík***

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Landakotsskóla um að greitt verði framlag vegna 335 nemenda með lögheimili í Reykjavík í stað 260. Þá hefur Landakotsskóli einnig óskað eftir því að hlutfallslegt framlag á hvern nemenda taki ekki mið af samanlögðum fjölda í báðum deildum heldur verði litið á alþjóðadeildina og almennu deildina sem óháðar deildir. Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu fyrir sumarleyfi. Meðfylgjandi er minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. júní 2021, umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs dags. 2. júní 2021 og þjónustusamningur dags. 19. september 2019.

Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 27. júní 2021, að viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til Landakotsskóla vegna alþjóðadeildar verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi geti orðið 120 nemendur í stað 100 nú. Jafnframt verði heimilt að greiða framlag til skólans vegna 215 reykvískra nemenda í almennum bekkjum í stað 160 nú. Að öðru leyti verði ekki gerðar breytingar á framlagi til skólans. Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við núgildandi samning aðila, dags. 19. september 2019, þar sem kveðið er á um framangreint. Breytingin taki gildi frá og með skólaárinu 2021-2022 þann 23. ágúst 2021.

Gerður er fyrirvari um að skólahúsnaði uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða, í tengslum við nýja stofu sem ráðgert er að setja á lóð skólans.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

*Efni: Umsókn Landakotsskóla um að heimilt verði að greiða framlag vegna fleiri reykvískra nemenda og umsókn um að hlutfallslegt framlag taki ekki mið af samanlögðum fjölda í báðum deildum, heldur aðskilið.*

*I Umsókn Landakotsskóla um að heimilt verði að greiða framlag vegna fleiri reykvískra nemenda*

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Landakotsskóla, dags. 15. mars 2020, um að greitt verði framlag vegna 370 reykvískra nemenda í stað 260.

Í tölvuskeyti skólastjóra Landakotsskóla, dags. 16. júní 2021, eru veittar upplýsingar um að umsóknir barna sem eiga lögheimili í Reykjavík séu 215 í íslensku deildina og 120 í alþjóðadeildina. Fjölgun um 75 nemendur fyrir næsta skólaári ætti því að duga. Þá kemur fram að skólinn er að bæta við einni lausri kennslustofu sem mun standa á lóð skólans. Framangreint leiðir til þess að nemendum í alþjóðadeild þarf að fjölga um 20 (úr 100 í 120) og nemendum í almennri deild um 55 (úr 160 í 215).

*II Beiðni um að hlutfallslegt framlag taki ekki mið af samanlögðum fjölda í báðum deildum, heldur aðskilið*

Þá liggur einnig fyrir beiðni skólans, staðfest með ódags. bréfi sem barst þann 1. mars 2021 og í bréfi, dags. 15. mars 2021, sem snýr að því að hlutfallslegt framlag til skólans taki ekki mið af samanlögðum fjölda nemenda í báðum deildum heldur verði það aðskilið. Þannig lækki framlagið ekki úr 75% í 70% vegna samanlagðs fjölda umfram 200.

Í beiðni Landakotsskóla, dags. 15. mars 2021, kemur fram að skólinn fari fram á að litið sé á hvora deild fyrir sig sem sérstæðar deildir; annarsvegar almennu deildina þar sem kennt er eftir íslenskri námsskrá og hinsvegar alþjóðadeild þar sem kennt er eftir Cambridge námsskrá. Með því að horfa á þær sem sérstæðar þá komi ekki til þeirrar skerðingar sem nú er gert ráð fyrir í samningi skólans við borgina þegar nemendafjöldi er komin yfir 200 nemendur í hvorri deild fyrir sig.

Fram kemur hjá skólanum að rökin fyrir því að líta á hvora deild sem sérstæða einingu sé að stærðarhagkvæmni af rekstri þessara tveggja deilda er mjög lítil. Í alþjóðadeild er kennt á ensku í takti við námsskrá Cambridge samtakanna. Ráða hafi þurft sérstaka kennara til starfa, breyta skólahúsnæðinu og byggja upp aðstöðu sem tekur mið af kröfum samtakanna. Skólinn hefur

þurft að kaupa enskar námsbækur og mikil vinna hefur legið í að þýða og samhæfa stefnur sem opinberir aðilar á Íslandi gera og þess sem Cambridge samtökin gera. Sérstakur deildarstjóri starfar í alþjóðadeild. Sú hagræðing sem ætla mætti að skapaðist í stærri skóla sem vinnur eftir einni aðalnámsskrá sé ekki möguleg þegar kennt er í tveimur ólíkum deildum þar sem fara þarf eftir kröfum tveggja ólíkra námsskráa og regluverks.

Fram kemur í 1. mgr. 2. gr. samnings skóla- og frístundasviðs og Landakotsskóla að framlagið nemi 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru í sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölgi nemendum umfram 200 nemur 70% af framangreindu vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200.

Framangreint er byggt á 43. gr. b í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem er að finna ákvæði sama efnis, sbr. jafnframt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla.

### *III Beiðni um að Reykjavíkurborg beri kostnað af uppsetningu og láni lausar stofur*

Með beiðni sem staðfest var með bréfi, dags. 1. mars 2021, fer Landakotsskóli fram á að Reykjavíkurborg beri kostnað af uppsetningu og láni skólanum þrjár lausar stofur skólanum að kostnaðarlausu í 15 ár. Þessi hluti umsóknar skólans fór til meðferðar hjá eignasviði Reykjavíkurborgar en nú liggur fyrir að skólinn mun sjálfur bæta við færanlegu húsnæði.

### *III Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og Landakotsskóla*

Samkvæmt 2. gr. þjónustusamnings Landakotsskóla og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 19. september 2019, nemur rekstrarframlag 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölgi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af framangreindu vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200.

Þá er heimilt að greiða framlag vegna allt að 160 nemenda í almennum hluta skólans og 100 nemenda í alþjóðadeild skólans eða samtals 260 nemenda. Framlag verði greitt óháð því hvort reykvískur nemandi er í almennum hluta skólans eða í alþjóðadeild. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans reykvískir nemendur eru.

Þá er jafnframt heimilað að greiða framlag vegna 30 fimm ára reykvískra barna frá 20. ágúst 2020 en fram að þeim tíma hafði verið heimilt að greiða framlag vegna 22 fimm ára barna á grundvelli samnings, dags. 5. febrúar 2019, auk viðauka.

Menntamálastofnun hefur staðfest þjónustusamning, dags. 19. september 2019, með bréfi dags. 7. janúar 2020.

### *IV Fjöldi nemenda í Landakotsskóla*

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjölda reykvískra nemenda sem greitt var framlag vegna þann 1. júní 2021.

	1. bekkur	10. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Samtals
Almenn deild	20	15	21	16	21	22	24	21	12	14	186
Alþjóðadeild	11	11	6	3	6	5	6	7	6	10	71

257

### V Upplýsingar um húsnæði grunnskólans

Skv. þeim upplýsingum sem voru lagðar fram áður en þjónustusamningur, dags. 19. september 2019, var gerður er húsnæði skólans um 2847 fm. Ef skólinn er nú með 260 nemendur eru það rétt tæplega 11 m<sup>2</sup> á nemanda sem er við það viðmið sem lengst af var miðað við þegar húsnæðisþörf grunnskóla borgarinnar hefur verið metin. Ef fjöldi nemenda fer í 275 eru það 10,35 m<sup>2</sup> á hvern nemanda sem er nálægt viðmiði borgarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra Landakotsskóla dags. 10. mars sl. hefur húsnæði skólans verið að hluta breytt og endurnýjað á síðustu árum m.a. vegna aukinn umsvifa í tengslum við rekstur alþjóðadeildarinnar. Heimastofur nemendur eru nú 17 og eru á bilinu 23 – 74 m<sup>2</sup>. Auk þess eru í skólanum fimm sérgreinastofur þar sem kennd er smíði, myndmennt/textílmenn, tilraunir/myndmennt, tónmennt og dans/leiklist. Sérgreinastofurnar eru allar um 45 m<sup>2</sup>. Húsnæðisþörf alþjóðadeildarinnar hefur m.a. verið mætt með því að breyta fyrrum bókasafni og gera í staðinn þrjár minni stofur, sameina textíl- og myndmenntastofu, taka í notkun húsnæði í risi skólans, byggja við skólann um 36 m<sup>2</sup> til að búa til nýja kaffistofu og breyta fyrrum kaffistofu í kennslustofu. Samtals hafa þannig bæst a.m.k. 223 m<sup>2</sup> við þá 2.847 m<sup>2</sup> sem fyrir voru. Í tölvuskeyti skólans, dags. 16. júní 2021, kemur fram að setja eigi lausa stofu á lóð skólans og að málið sé nú til umfjöllunar hjá borginni. Um sé að ræða gámaeiningar frá Terru af sömu gerð og víða eru staðsettar við skóla og uppfylla þær allar kröfur sem gerðar eru um skólahúsnæði. Unglingadeild alþjóðadeildar verður í stofunni.

Miðað við nemendafjölda 335 eru um 8,6 m<sup>2</sup> pr. nemanda sem er heldur undir þeim viðmiðum sem stuðst hefur verið við þegar húsnæðisþörf grunnskóla borgarinnar er metin sem er á bilinu 11 – 12m<sup>2</sup> en þá er ekki gert ráð fyrir íþróttastöðu inni í þeim viðmiðum. Skv. reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða á vinnurými nemenda að jafnaði vera a.m.k. 60 fermetrar fyrir 22 - 28 nemendur, 52 fermetrar fyrir 18 - 21 nemanda, 44 fermetrar fyrir 13 - 17 nemendur, 36 fermetrar fyrir 12 nemendur og aldrei minni en 16 fermetrar. Miðað við þær forsendur eru flestar kennslustofurnar sem notaðar eru fyrir kennslu í skólanum heldur undir viðmiðum reglugerðarinnar.

Kennslustofan sem óskað er eftir að setja niður á lóð skólans er skv. teikningu 47,3 og á að hýsa unglingsdeild alþjóðadeildar skólans. Miðað við að engir nýir nemendur bætist við í þá deild er stofan heldur undir þeim stærðarviðmiðum sem reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis segir til um. Mál vegna nýrrar stofu er til meðferðar hjá skipulagsfulltrúa reykjavíkurborgar.

### VI Helstu ákvæði grunnskólalaga, reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla og reglugerðar um skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námskipan ofl.

Í 1. málslíð 1. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2009 kemur fram að lögin taka til grunnskóla á

vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla og til viðurkennds náms á grunnskólastigi.

Í 3. mgr. 20. gr. laga um grunnskóla kemur fram að grunnskólahúsnæði og skólalóðir skuli uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Með stoð í framangreindri 20. gr. laga um grunnskóla hefur verið sett reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum. Þar er í 3. gr. er kveðið á um að húsnæði og skólalóðir skuli uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um grunnskóla, reglugerðar þessarar, aðalnámskrár grunnskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig beri að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan þeirra svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað. Skv. 1. mgr. 43. gr. a. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans. Skv. 3. mgr. 43. gr. a getur sveitarfélag hafnað því að gera þjónustusamning eða takmarkað hann við tiltekinn nemendafjölda, t.d. ef fjárframlögð til skólanna kunna að hafa neikvæð áhrif á skólastarf sveitarfélagsins sjálfs og fjárveitingar til þess.

Skv. 1. mgr. 43. gr. a. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans. Skv. 3. mgr. 43. gr. a getur sveitarfélag hafnað því að gera þjónustusamning eða takmarkað hann við tiltekinn nemendafjölda, t.d. ef fjárframlög til skólanna kunna að hafa neikvæð áhrif á skólastarf sveitarfélagsins sjálfs og fjárveitingar til þess. Skv. 2. mgr. 43. gr. a. skal Menntamálastofnun staðfesta þjónustusamningin, sbr. einnig 4.- 6. gr. reglugerðar nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Í lokamálslið 2. gr. reglugerðar 699/2012, með síðari breytingum, um skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan er kveðið á um að heimilt sé að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda.

Skv. 43.gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 699/2012 um skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan er kveðið á um að grunnskólar sem hljóta viðurkenningu ráðherra á

grundvelli laga um grunnskóla og reglugerðarinnar eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar og vegna barna sem ráðstafað hefur verið í föstur til fösturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, er ráðherra heimilt að viðurkenna grunnskóla eða námsbraut innan almenns grunnskóla sem starfar samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun hafa með bréfi, dags. 5. mars 2019, falið Menntamálastofnun að annast viðurkenningu grunnskóla eða námsbrauta innan almenns grunnskóla að starfa samkvæmt viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 699/2012 um skólalald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan er kveðið á um að framlag skuli vera skv. 6. gr. og nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Auk þessa er í reglugerð um skólalald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan fjallað um réttindi og skyldur nemenda, upplýsingagjöf, mat og eftirlit, uppsögn og riftun þjónustusamninga vegna vanefnda, afturköllun viðurkenningar ofl.

Tekið er fram að sveitarfélögum er heimilt á grundvelli 7. tl. 43. gr. laga um grunnskóla og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### *VII Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif*

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 2.134.906,- í febrúar 2021. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 1.601.180.- (dreifist á 9 mánuði, sept-mái). Gildir hlutfallið fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. eða kr. 1.494.434,-

M.v. fyrirbyggjandi upplýsingar er erfitt að tilgreina væntan fastan kostnað Reykjavíkurborgar pr. nemanda. Hann er mismunandi eftir skólum. Sá kostnaður fellur ekki niður ef laus pláss eru til staðar í grunnskólum Reykjavíkur. Breytilegur kostnaður ræðst af því úr hvaða skólahverfi væntanlegur nemi í Landakotsskóla kemur. Eins og fram kemur hér að ofan er árlegur rekstrarkostnaður deilt með fjölda nemanda í grunnskólum sem reknir eru af sveitarfélögum kr. 2.134.906.- Kostnaður í Reykjavíkurskólum er ívið lægri en þessi upphæð.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla miðast við nemendafjölda þeirra að hausti á rekstrarári á undan þ.e. október 2020 vegna fjárhagsáætlunar 2021. Skóla- og frístundasvið fær auknar fjárheimildir í samræmi við fjölgun/fækkun og verðlagsbreytingar framlags á fjárhagsárinu. Hækkun viðmiðs um

hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum en eins og með magntölur í borgarreknum skólum þá er nemendafjölgun á fjárhagsári ávallt bætt.

Hér að neðan er yfirlit yfir kostnað vegna 110 reykvískra nemenda til viðbótar. Einnig verður metin kostnaður að aðskilja nemendahóp Landakotsskóla í tvær deildir, almenna deild og alþjóðadeild.

Núverandi staða: 260 nemendur	framlag	á ári	pr. mán (9 mán)
200 nemendur	75%	320.236.000	35.581.778
60 nemendur	70%	89.666.040	9.962.893
<b>Samtals</b>		<b>409.902.040</b>	<b>45.544.671</b>

Fjölgun í 370 nemendur	framlag	á ári	pr. mán (9 mán)
200 nemendur	75%	320.236.000	35.581.778
170 nemendur	70%	254.053.780	28.228.198
<b>Samtals</b>		<b>574.289.780</b>	<b>63.809.976</b>

Skipt niður í 2 sjálfstæðar einingar:	framlag	á ári	pr. mán (9 mán)
Alþjóðleg deild 150 nemendur	75%	240.177.000	26.686.333
Almenn deild 200 nemendur	75%	320.236.000	35.581.778
Almenn deild 20 nemendur	70%	29.888.680	3.320.964
<b>Samtals</b>		<b>590.301.680</b>	<b>65.589.076</b>

Þann 16. júní barst endurskoðuð beiðni frá Landakotsskóla sem felur í sér að óskað er eftir heimild til fjölga um 75 nemendur (260 í 335) í stað 110 í fyrri beiðni (260 í 370).

Þessi breyting leiðir til þess að viðbótarkostnaður að fjárhæð kr. 164.387.740,- á ári í fyrra dæmi lækkar og verður kr. 112.082.550,- og að viðbótarkostnaður að fjárhæð kr. 180.399.640,- á ári í seinna dæmi lækkar og verður kr. 116.886.120,-

Meðfylgjandi er umsögn fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 2. júní 2021. Þar kemur meðal annars fram að nauðsynlegt sé að gera ráð fyrir að fjármagna þurfi að fullu þá fjölgun sem verður í Landakotsskóla verði umsóknin samþykkt. Þó er vakin athygli á því að sjálfstætt starfandi skólar fá fjárheimildir í samræmi við barnafjölda hvers árs. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skili því ekki hækkun á fjárheimildum sé heimildin um viðbótar 110 nemendur ekki nýtt.

#### *VII Umsögn skóla- og frístundasviðs*

Skóla- og frístundasvið mælir með að frá og með skólaárinu 2021 – 2022 verði heimilt að greiða framlag vegna 120 reykvískra nemenda í alþjóðadeild í stað 100 nú. Jafnframt verði heimilt að greiða framlag til skólans vegna 215 reykvískra nemenda í almennum bekkum í stað 160 nú.


Ekki verði fallist á beiðni skólans um að greitt verði 75 % af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands vegna allt að 200 nemenda í hvorri deild. Áfram verði byggt á 43.gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum þar sem fram kemur að sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði



til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skuli framlagið nema að lágmarki 75% af vagnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs felur ekki í sér fjárheimildir fyrir mögulegri fjölgun nemenda Landakotsskóla. Forsenda fyrir fjölgun nemenda er að sviðið fái viðauka við fjárheimildir á árinu 2021 og að fjárhagsrammi 2022 feli í sér fjárheimildir til samræmis við aukinn kostnað.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, reading "Helgi Grímsson". The signature is written in a cursive, slightly slanted style.

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

## Umsögn

**Viðtakandi:** Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs

**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

**Efni:** Að heimilt verði að greiða framlag vegna fleiri reykvískra nemenda í Landakotsskóla

Óskað hefur verið eftir að fjármála- og áhættustýringarsvið taki til umsagnar tillögu sviðstjóra skóla- og frístundasviðs um umsókn Landakotsskóla. Skólinn hefur óskað eftir að heimilt verði að greiða framlag vegna fleiri reykvískra nemenda þ.e. að heimilt verði að greiða framlag vegna 370 nemenda í stað 260. Þá hefur Landakotsskóli einnig óskað eftir því að hlutfallslegt framlag á hvern nemenda taki ekki mið af samanlögðum fjölda í báðum deildum heldur verði litið á alþjóðadeildina og almennu deildina sem óháðar deildir. Sjálfstætt rekinn grunnskóli sem hefur gert þjónustusamning við sveitarfélag á rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vagnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Kostnaður þessi var kr. 2.134.906 í febrúar 2021. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 1.601.180.- (dreifist á 9 mánuði, frá september til maí).

### Framlög til Landakotsskóla

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig framlög borgarinnar til Landakotsskóla breytast m.v. 110 viðbótarnemendur. Annars vegar ef engar breytingar eru gerðar á því hvernig hlutfallslegt framlag er reiknað þ.e. tekið er mið af samanlögðum fjölda í báðum deildum (leið A) og hins vegar ef horft er á fjölda aðskilin eftir deildum (leið B). Framlög til Landakotsskóla myndu vegna þessarar óskar hækka um 164 m.kr. til 180 m.kr. eftir því hvort leið A eða B væri farin.

Fjöldi nemenda í Landakotsskóla

Almenn deilda		Alþjóðadeild		Samtals	
Er	Ósk	Er	Ósk	Er	Ósk
160	220	100	150	260	370
<b>Meðaltal kostnaður pr.nem Ísland feb 2021</b>					2.134.906
<b>Núverandi</b>		<b>Börn</b>	<b>Framlag</b>		
		200	75%	320.235.900	
		60	70%	89.666.052	
				<b>409.901.952</b>	
<b>A: Aukning, annað óbreytt</b>		<b>Börn</b>	<b>Framlag</b>		
		200	75%	320.235.900	
		170	70%	254.053.814	
				<b>574.289.714</b>	
<b>B: Aukning, 2 sjálfstæðar einingar</b>		<b>Börn</b>	<b>Framlag</b>		
Alþjóðadeild		150	75%	240.176.925	
Almenn deild		200	75%	320.235.900	
		20	70%	29.888.684	
				<b>590.301.509</b>	
<b>Auka fjárheimildir</b>			<b>A:</b>	<b>164.387.762</b>	
			<b>B:</b>	<b>180.399.557</b>	

### Áhrif á fjárheimildir sviðsins

Fjárheimildir sviðsins vegna grunnskólabarna ráðast af endanlegum barnafjölda og hvernig nemendur skiptast í borgarrekna og sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Til skemmri tíma litið er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að hægt sé að lækka fastan kostnað í borgarreknum grunnskólum þó að fleiri börn fari í sjálfstætt starfandi skóla, því fjármagn er m.a. bundið í húsakosti borgarinnar og ýmsum öðrum föstum rekstrarkostnaðarliðum sem ekki er hægt að skera niður þó að um lítilsháttar fækkun nemenda sé að ræða milli ára.

Til skemmri tíma er því eðlilegra að bera saman breytilegan kostnað borgarrekkinna grunnskóla við framlag sem greitt er til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Slíkur samanburður er þó háður töluverðri óvissu þar sem ekki er ljóst hvernig þessi 110 börn myndu raðast í borgarrekna grunnskóla. Ef börnin raðast þannig að fjölga þurfi bekkjum í borgarreknum skólum, þá yrði kostnaðaraukin óverulegur við að greiða í staðinn framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Ef fjöldi bekkja í borgarreknum skólum verður hins vegar óbreyttur, þ.e. betri nýting bekkja, þá má gera ráð fyrir auknum kostnaði borgarinnar við að greiða framlag til sjálfstætt starfandi skóla.

Vegna framangreindrar óvissu um skiptingu barna á milli skóla er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að fjármagna þurfi að fullu þá fjölgun sem verður í Landakotsskóla verði umsóknin samþykkt. Þó er vakin athygli á því að sjálfstætt starfandi skólar fá fjárheimildir í samræmi við barnafjölda hvers árs. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum sé heimildin um viðbótar 110 nemendur ekki nýtt.

*Halldóra Káradóttir,*  
*sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*

## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS og Landakotsskóli, kt. 660505-1210, Túngötu 15, Reykjavík, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Samningurinn gildir bæði um rekstur almenns grunnskóla Landakotsskóla og alþjóðadeildar Landakotsskóla sem námsbrautar innan grunnskóla sem starfar samkvæmt alþjóðlegri námskrá en ekki um rekstur frístundaheimilis.

### 1. gr. Skilyrði

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, með síðari breytingum, reglugerð nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla, reglugerð nr. 699/2012 um skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan, með síðari breytingum og önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi grunnskóla.

Til samræmis við lög um grunnskóla ber skólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá vegna almenns hluta skólans en á viðurkenndri erlendri eða alþjóðlegri námskrá vegna alþjóðadeildar skólans. Skólanum ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla vegna almenns hluta skólans en viðurkennda erlenda eða alþjóðlega námskrá vegna alþjóðadeildar skólans.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Skólanum ber að skila skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Skólinn fylgir ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla og ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana sem eru kæránlegar skv. 47 gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla auk þess sem lög um upplýsingarétt nr. 140/2012 geta átt við um starfsemina.

Skólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi skólans. Skólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

1  
HMF



Vegna alþjóðadeildar skal skólinn hafa viðurkenningu Menntamálastofnunar á námsbraut innan grunnskóla sem starfar samkvæmt alþjóðlegri námskrá.

## 2.gr. Rekstrarframlag

Framlagið nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölgi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af framangreindu vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200.

Greitt er framlag vegna allt að 160 nemenda í almennum hluta skólans og 100 nemenda í alþjóðadeild skólans, eða samtals vegna 260 nemenda. Framlag verður greitt óháð því hvort reykvískur nemandi er í almennum hluta skólans eða í alþjóðadeild. Engu að síður verði skýrt í hvorum hluta skólans reykvískir nemendur eru.

Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greitt með 9 greiðslum síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Ekki er greitt mánuðina júní, júlí og ágúst. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstur hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.

Um greiðslu kostnaðar vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku er vísað til 6. og 7. gr. samningsins.

Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins.

Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík en Reykjavíkurborg greiðir hvorki framlag né annan kostnað vegna þeirra.

Skólanum ber að skila til SFS starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

Skólanum er heimilt að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram framangreindan hámarksfjölda nemenda í 1. mgr. 2.gr. samnings þessa. Umsókn skal berast eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal ákvörðun Reykjavíkurborgar vegna beiðni um breytingu á viðmiði liggja fyrir eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10. júní.

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

**3. gr.**  
**Gjaldtaka**

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða.

**4. gr.**  
**Innritun nemenda**

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun nemenda sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga sama rétt til að innritast í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

**5. gr.**  
**Sérfræðipjónusta**

Skólinn á rétt á sömu sérfræðipjónustu og almennir grunnskólar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í því hverfi sem skólinn er staðsettur.

**6. gr.**  
**Stuðningur við nemendur með sérþarfir**

Skólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir, samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

**7. gr.**  
**Nemendur með annað móðurmál en íslensku**

Skólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík og stunda nám við almennan hluta skólans. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

**8. gr.**  
**Upplýsingar, mat og eftirlit**

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar í Reykjavík. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

SFS framkvæmir ytra mat og ber skólanum að láta sviðinu í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni.

Við undirritun sammings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir. Skólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár skal send skóla- og frístundaráði til staðfestingar ár hvert, eftir reglum og viðmiðum sviðsins.



**9. gr.**  
**Ársskýrsla**

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

**10. gr.**  
**Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendur**

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

**11. gr.**  
**Endurskoðun samnings**

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

**12. gr.**  
**Framsal**

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

**13. gr.**  
**Force Majeure**

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

**14. gr.**  
**Gildistími og uppsögn**

Samningurinn gildir frá 22. ágúst 2019 til 10. júní 2022 og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Lítið er svo á að samningur aðila dags. 20. október 2015 hafi haldið gildi sínu fram að gildistöku þessa samnings. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins árs fyrirvara.

**15. gr.**  
**Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir**

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

**16. gr**  
**Fyrirvari um staðfestingu á þjónustusamningi**  
**Afturköllun staðfestingar**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu Menntamálastofnunar, sbr. 2. mgr. 43. gr. a. laga nr. 91/2008 og 4.-6. gr. reglugerðar nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Afturkalli Menntamálastofnun staðfestingu sína á þjónustusamningi þessum fellur samningurinn úr gildi án uppsagnar.

**17. gr.**  
**Varnarþing**

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.


**18. gr.**  
**Undirritun**

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 19 september 2019







F.h. Skóla - frístundasviðs Reykjavíkurborgar



F.h. Landakotsskóla

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:



**Fylgiskjöl:**

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

Viðurkenning á alþjóðadeild Landakotsskóla dags. 18. júní 2019





## 8 Fylgiskjöl

---

### 8.1 Fylgiskjal 1 - Reglur Reykjavíkurborgar um styrkveitingar

*Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017*

## Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

### 1. kafli. Markmið.

#### 1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda.

#### 2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

#### 3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

### 2. kafli. Ábyrgð.

#### 4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

#### 5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

#### 6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

#### **12. gr.**

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

#### **13. gr.**

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

#### **14. gr.**

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

#### **15. gr.**

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

#### **16. gr.**

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

#### **4. kafli. Gildistaka**

##### **17. gr.**

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.